



Til stjórnar Jarðasjóðs.

Efni: Drög að leigusamningi, athugasemdir.

Í leigusamningi er:

"undanskilið í leigunni er íbúðarhúsnæði og hlunnindi"

Mætti taka út?

Nú er ég með rukkun fyrir jarðarafgjaldinu fyrir árið 2025 en segir í samningi að uppsetningin á girðingunni sé greiðslan. Á ekki að fella þann reikning úr gildi?

Með loftmyndina af landinu/girðingunni þá er ljóst að undirlagið ræður staðsetningu girðingarinnar að einhverju leyti eins og gefur að skilja.

Því liggur endanleg lengd girðingar ekki fyrir fyrr en vinnu er lokið. Og þá einnig endanlegur kostnaður við vinnuna.

Þarf að taka skýrt fram hvað verði um þann kostnað ef leigu lýkur áður en samningstíminn rennur út.

Nú er ljóst að við missum aðstöðuna í hlöðunni í Flögu sem var mjög mikilvægur grundvöllur í rekstri félagsins enda hefur hún m.a. hýst upptökuvél sem er ekki hægt að keyra yfir brýrnar, ásamt öðrum tækjum og tólum sem þurfa að vera geymd innandyra stærstan part ársins.

Okkur þykir miður að sveitarfélagið taki stöðu með einni atvinnugrein/fyrirtæki umfram aðra í okkar samfélagi á okkar kostnað þó yfirlýst stefna sé m.a. að auka fjölbreytni atvinnuvega á svæðinu en við erum jú eina félagið í garðyrkju í sveitarfélaginu.

Vegna þessa er nokkuð ljóst að Akur Organic ehf. þarf að ráðast í þá framkvæmd ásamt tilheyrandi kostnaði að reisa einhverskonar húsnæði við akrana.

Bæta þarf í samninginn að LNB skuldbindi sig að kaupa það húsnæði að leigutíma loknum eða hreinlega að LNB komi að því með félaginu að reisa slíkt húsnæði.

F.h. Akur Organic.

Bestu kveðjur, Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir, Brúarlandi 4